

Framboð til kirkjupings

Óskar Magnússon

9. kjördæmi
Suðurprófastsdæmi



Kæra sóknarnefndafólk,

Nú fara í hönd kosningar til kirkjupings. Þú átt kosningarétt í þeim kosningum, annað hvort sem varamaður eða aðalmaður í sóknarnefnd. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í kosningunum og skrifa þér þetta bréf til að biðja þig um að kjósa mig til áframhaldandi setu á kirkjupingi.

Rafræn kosning fer fram 7. til 12. maí. Mjög einfalt er að kjósa á kirkjan.is. Stór og skýr hnappur „kirkjupingskosningar hér.“

Ég hef setið á kirkjupingi undanfarin fjögur ár. Ég er sóknarnefndarformaður í Breiðabólstaðarsókn í Fljótshlíð og hef verið það í 20 ár. Ég er lögfræðingur að mennt og hæstaréttarlögmaður. Lengst af hef ég starfað við rekstur fyrirtækja m.a. Hagkaups, Vodafone, Tryggingamiðstöðvarinnar og Árvakurs. Er nú stjórnarformaður Eimskips, sinni búskap á Sámsstaðabakka og vinn að ritstörfum. Ég hef gefið út níu bækur; þrjú smásagnasöfn, fjórar skáldsögur og tvær aðrar bækur.

Áður en ég tók sæti á kirkjupingi kaus þingið mig í þriggja manna samninganefnd við ríkisvaldið um endurskoðun á samningum ríkis og kirkju, einkum kirkjujarðasamkomulaginu og öðrum mikilvægum fjárhagsmálefnum kirkjunnar. Afar hagfelldir samningar tókust 2019 sem færðu kirkjunni traustan fjárhagsgrundvöll um langan tíma, sjálfstæði og sjálfstjórn.

Ég hef lagt mig fram um að verja stöðu sóknanna á landsbyggðinni eins og ég lofaði þegar ég bauð mig fram til kirkjupings. Ég tel mikilvægt að hinum mörgu litlu sóknum sé gert kleift að starfa áfram eins og þær hafa gert um aldir. Hagræðingaráform hafa óþægilega oft falið í sér tilfærslu frá landsbyggðinni til þéttbýlisins. Því þarf að linna. Ekki gengur lengur að ganga sífellt á hagsmuni hinna

dreifðu byggða. Stokka þarf upp í þéttbýlinu og styrkja starfið á landsbyggðinni.

Styrkur kirkjunnar er einstakur. Engin félagsamtök búa yfir jafn vönduðu grasrótarskipulagi og þjóðkirkjan. Í hinum mörgu sóknum um land allt er unnið í sjálfböðavinnu, af ósérhlífni, væntumþykju og kærleika. Með það í huga getum við gengið stolt til móts við nýja tíma.

Sámsstaðabakka, Fljótshlíð í maí 2026,

Óskar Magnússon.